

Innra mat Rimaskóla.

2026-2027



Greinargerð um innra mat

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Rimaskóla 2026-2027.

Sett er fram langtímaáætlun til 5 ára, áætlun fyrir skólaárið, viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Að lokum er sett fram umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#), [leiðsagnarnámi](#) og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en teymi um innra mat leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennskuteyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, verkefnastjóri, stigstjóri og kennari á yngsta stigi og teymið fundar að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði.

Gæðaviðmið grunnskóla

Gæðaviðmið grunnskóla liggja til grundvallar matinu. Þau eru sett upp í langtímaáætlun (3-5 ára) og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með innra mats teymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans.

Aðrir þættir innra mats

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennskuteymi skólans. Leiðsagnarnám, niðurstöður námsmats, viðhorfskannana nemenda, starfsfólks og foreldra eru einnig hluti af innra mati skólans.

LANGTÍMAÁÆTLUN

Innra mat Rimaskóla

<u>Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis</u>	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030	2030-2031
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun		X			
Faglegt samstarf og samræða				X	
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu					
Umbætur og innleiðing breytinga					
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"	X				
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	X				
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks		X			
Nám og kennsla					
Inntak og námskrá	X			X	
Árangur náms			X		X
Gæði kennslu		X		X	X
Skipulag náms					
Námsvitund	X				
Ábyrg og þátttaka			X		X
Menntastefna Reykjavíkur	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030	2025-2026
Félagsfærni					X
Sjálfsefning	X				
Heilbrigði		X			
Læsi			X		
Sköpun				X	
Aðrir áherslupættir skóla					

ÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ

Innra mat grunnskóla

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Skipulag náms (Aðalnámskrá)	Að samræma verklagsreglur innan skólans	SNKN leiðsögn, MMS	Skólaárið	Fagþróunarteymi	Innleiðing í öllum skólanum, samræmdur skilningur
Heillaspor	Að bæta líðan nemenda	Sýnilegt starf, teymi fylgir eftir	Skólaárið	SGT	Nemendum líður betur
Réttindaskóli UNICEF	Auka meðvitund nemenda um réttindi sín	Innleiðingarteymi og ráðgjafar	Skólaárið	ÞRÓ	Samþykki hjá UNICEF, sýnilegt í skólanum
Tengsl við foreldra	Auka þátttöku foreldra í námi barna sinna	Foreldrakannanir	Reglulega	Allir	Niðurstöður foreldrakannana
Skipulag náms (námskrá)	Samræma skólanámskrá og tryggja flæði	Umsagnir kennara og notenda	Skólaárið	Fagþróunarteymi	Heildræn skólanámskrá
Námsárangur nemenda	Bæta námsárangur og metnað	Lesferill, Matsferill, skimanir	Reglulega	Kennarar og stjórnendur	Betri niðurstöður
Viðhorf og líðan starfsmanna	Gera betur en árið áður	Gallup könnun	Árlega	Stjórnendur	Betri niðurstöður kannana
Viðhorf og líðan nemenda	Efla andlega líðan og stuðning	Skólapúls og ráðgjöf	Reglulega	Ráðgjafi og stjórnendur	Bættar niðurstöður

GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Innra mat grunnskóla

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Rimaskóli er heildstæður skóli með rúmlega 500 nemendur frá 1. - 10.bekk.

Í fagþróunarteymi sem heldur utan um innra mat sitja þrír stjórnendur, einn verkefnastjóri þrír stigstjórar og einn kennari af yngsta stigi og einn kennara af unglingastigi. Auk þess starfa nokkur teymi í skólanum s.s. forvarnarteymi, teymi um Barnasáttmála, teymi Heillaspora, Gróskuteymi og Heilsueflandi teymi ef nefna á nokkur. Þau koma að verkefnum skólastarfs og að vinna að úrbótum.

Matsfundir eru haldnir að lágmarki tvisvar sinnum á önn og einnig með starfsmannahópi og/eða kennurum. Unnið var með Barnasáttmálann í vetur og réttindaráði sem saman stendur af kennurum og nemendum í hverjum árgangi. Gert verður ráð fyrir að halda áfram með nemendaping.

Innra mat byggir á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar, áherslum menntastefnu Reykjavíkur og leiðsagnarnámi. Gögn sem notuð eru í matinu eru m.a. viðhorfskannanir nemenda, foreldra og starfsfólks, niðurstöður námsmats (t.d. lesfimi, orðaforði), vettvangsathuganir í kennslustundum og daglegar skráningar. Matsáætlanir eru hluti af skólanámskrá og starfsáætlun.

Helstu niðurstöður innra mats

Innra mat skólaárið 2026–2027 leiddi í ljós að styrkleikar skólans liggja m.a. í öflugu faglegu samstarfi og vel ígrunduðum umræðum. Höfum lagt áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og sterka liðsheild meðal starfsmanna sem skilar sér í betri fagvitund allra.

Skýr stefna og virk þátttaka stjórnenda í þróunarverkefnum. Þróunarstarf í góðu samræmi við stefnu skólans og stjórnvalda.

Áhersluþættir sem þarfnast umbóta eru m.a. nýting gagna og umbætur. Niðurstöður mats og mælinga mætti nýta betur. Eftirfylgni umbótaáætlana mætti vera betri.

Áætlun fyrir skólaárið 2026–2027 (sjá Rautt skjal) miðar að því að samræma verklagsreglur innan skólans og bæta líðan nemenda. Auka meðvitund nemenda um réttindi sín og skyldur sem og auka þátttöku foreldra í námi barna þeirra. Eitt af mikilvægustu verkum næsta árs er að samræma skólanámskrá og tryggja að allir kennarar séu á sömu blaðsíðu er það varðar til að tryggja skýrt flæði til allra. Sem leiðri af sér bættan námsárangur og aukinn metnað. Mikilvægt verður að efla andlega líðan og stuðning í flóknum aðstæðum í Rimaskóla næsta vetur. Þar sem starfsfólk og nemendur búa við þröngan kost vegna framkvæmda næstu tvo – þrjá vetur.

Styrkleikar og tækifæri

Stjórnun og fagleg forysta

Öflugt faglegt samstarf og umræður. Lýðræðisleg vinnubrögð og sterk liðsheild meðal starfsmanna.

Skýr stefna og virk þátttaka stjórnenda í þróunarverkefnum. Þróunarstarf í góðu samræmi við stefnu skólans og stjórnvalda.

Nám og kennsla

Skólanámskrá endurspeglar menntastefnu og aðalnámskrá. Markviss vinna að eflingu læsis m.a. innleiðin á PALS og Starra.

Gæði kennslu almennt góð, fjölbreyttar kennsluaðferðir og skýr markmið. Bráðgerir nemendur fá viðeigandi tækifæri.

Leiðsagnarnám.

Innra mat

Innra mat er vel skipulagt og talið sjálfsagður hluti skólastarfs. Skýr langtímaáætlun og ítarleg árleg áætlun um innra mat. Val matsþátta byggir á stefnu og markmiðum skólans.

Áskoranir

Nýting gagna og umbætur. Niðurstöður mats og mælinga mætti nýta betur. Eftirfylgni umbótaáætlana mætti vera betri.

Námsárangur og námsmat

Vantar fjölbreyttari námsgögn. Viðmið um námsmat og matskvarða eru ekki nægileg aðgengileg. Nemendaábyrgð og þátttaka mættu vera meira. Nemendur hafa lítil tækifæri til að hafa áhrif á skipulag náms og skólastarfs. Upplýsingar um ákvarðanir nefnda eru ekki aðgengilegar nemendum. Skortur á markvissu verklagi um að afla og nýta sjónarmið nemenda.

Líðan og samskipti

Líðan nemenda í samskiptum við aðra mætti bæta. Samvinna innan nemendahóps mætti bæta.

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara.

UMBÓTAÁÆTLUN							
Áherslupáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	Auka fjölbreytni í kennsluaðferðum	Skipuleggja námskeið fyrir kennara um virka kennslu-aðferðir	Skólastjórnendur	September 2026	Maí 2027	Eftirfylgni með kennslu og nemendakönnun	Aukin þátttaka nemenda og betri námsárangur
Lestur og lestrarhvöt	Auka áhuga og færni nemenda í lestri - Nemendur í 8.-10. bekk lásu minna sbr. Niðurstöður Skólapúls 2025	Innleiða lestraráttak og fjölbreytt lesefni. Innleiðing PALS og Starra	Kennarar og lestrarteymi	Ágúst 2026	Maí 2028	Lesfimi og viðhorfskannanir. Niðurstöður Matferils.	Aukinn áhugi og lestrarfærni.
Skólasamfélag	Efla samskipti milli starfsfólks og foreldra	Halda reglulega upplýsingafundi og opna samskiptaleiðir	Skólastjórnendur	Október 2026	Maí 2027	Foreldrakannanir og viðveruskráningar /BRADFORD	Meiri ánægja foreldra og aukin þátttaka þeirra á framvindu náms barna sinna
Vinnuumhverfi starfsfólks	Ófullnægjandi aðstæður og mikið álag	Endurbætur á húsnæði; kortlægja álag;	Skólastjóri og rekstraraðilar	Júní 2026	Júní 2027	Starfsmannakönnun	Bætt líðan og minna álag á öllu starfsfólki

		endurskipuleggja fundi					
Starfsþróun	Þörf á aukinni fræðslu	Þjóða fræðslu um gervigreind, fjölmenningu og sérþarfir	Stjórnendur	Okt 2026	Apr 2027	Mæting og endurgjöf	A.m.k. 85% taka þátt og meta gagnsemi
Samstarf við foreldra	Takmörkuð þátttaka foreldra	Halda opið samráð og haustfundi	Stjórnendur og kennarar	Sept 2026	Apr 2027	Foreldrakönnun	Hlutfall hækkar úr 40% í 70%
Öryggi í frímínútum	Óljóst hlutverk í gæslu	Skilgreina betur hlutverk og staðsetningu gæslu	Stjórnendur	Ágúst 2026	Okt 2026	Athuganir	Fækka erfiðum atvikum milli nemenda í frímínútum og auka öryggi
Réttindafræðsla	Takmörkuð þekking	Innleiða markvissa fræðslu; þjálfar nemendaráð	Kennarar, stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvar	Sept 2026	Maí 2027	Kannanir meðal nemenda	A.m.k. 80% þekkja réttindi sín og skyldur
Lokamat	Vantar kerfisbundið mat	Safna gögnum og meta árangur	Stjórnendur og fagþróunarteymi	Maí 2026	Júní 2027	Greining gagna	Ný umbótaáætlun mótuð